



## FUNDARGERÐ

### VINNUFUNDUR Í VATNASVÆÐISNEFND Á VATNASVÆÐI 2

Dags.fundar 26.04.12	13:00 – 15:30	Staður Reyðarfirði, fundarsalur bæjarskrifstofu	Nr. fundar 4
Fundarstjóri: Jóhanna Björk Weissappel (JBW)		Fundarritari: Jóhanna	
Fundarmenn: Fundarmenn: Helga Hreinsdóttir og Hákon Hansson, Heilbrigðiseftirliti Austurlands, Jóhann E. Benediktsson, Fjarðabyggð, Lárus Heiðarsson, Fljótsdalshreppi, Þorsteinn Bergsson, Fljótsdalshéraði, Páll Baldursson, Breiðdalshreppi, Andrés Skúlason, Djúpavogshreppi, Jóhanna Björk Weissappel, UST.			
Áfrit sent til: Austurhluti vatnasvæðisnefndar á svæði 2			
Markmið fundar: Vinna við álagsgreiningu á vatn.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	
1	<p><b>Opnun vinnufundar: Jóhanna Björk Weissappel</b></p> <p>JBW fór stuttlega yfir um stjórn vatnamála til upprifjunar. Einnig fór hún yfir álagsgreininguna UST á vatn, í hverju hún fellst, áherslur og mikilvægi þess að UST fái aðgang að mælingum, upplýsingum og gögnum sem nýst geta. Fulltrúar munu senda Jóhönnu slík gögn.</p> <p><b>Vinnufundur</b></p> <p>Farið var yfir álagsgreiningartöfluna yfir beina losun í viðtaka. Margar góðar ábendingar og nytsamar upplýsingar komu fram, leiðréttingar voru gerðar jafnóðum í töflunni.</p> <p>Þorsteinn: Þyrfti að setja í aðgerðaráætlun að endurheimta Miklavatn, yst á Héraði, milli Lagarfljóts og Selfljóts. Það var þurrkað upp með skurðum. Svæðið er á Náttúruminjaskrá (Eyjar, mikið fuglasvæði).</p> <p>Áhrif Kárahnjúkavirkjunar: Sigurður Guðjónsson hjá VMST er með rannsóknir, Árni J. Óðinsson hjá Landsvirkjun er með yfirsýn yfir rannsóknir á áhrifasvæðinu, m.a. Lagarfljóti.</p>	JBW	
2	<b>Næsti fundur: Ákveðið</b>	JBW	